

**36. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
4. júlí 2016 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1512116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2016

Farið yfir stöðu mála.

2. 1604025 - Sorphirða á Akranesi og í Borgarbyggð - útboð

Farið yfir fyrirliggjandi útboðsgögn. Stefnt að því að á næsta fundi ráðsins liggja fyrir fullbúin gögn í takt við þær umræður sem voru á fundinum.

3. 1606051 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áfangi, Baugalundur 14 og 16

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfanga vegna lóða nr. 14 og 16 við Baugalund. Óskað er eftir að færa bindandi byggingarlínu um 2,4m innar í lóðina.

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum lið.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að breyting varðandi færslu byggingarlínu um 2,4 m inn á lóðir við Baugalund 14 og 16 verði grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir fasteignaeigendum að Baugalundi 12 og 18.

4. 1605051 - Vallarbraut - göngu- og hjólastígur

Ósk íbúa um göngustíg.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

5. 1606135 - Gervigrasvellir við grunnskóla Akraness

Sviðsstjóra falið að semja um verkið við Altis.

Endurnýjun á gervigrasinu er gerð vegna umræðu um skaðsemi dekkjakurlis á gervigrasvöllum. Ennfremur liggur fyrir þingsályktun samþykkt á Alþingi 2. júní 2016 um að fjarlægja dekkjakurl á leik- og íþróttavöllum vegna ætlaðrar skaðsemi þess.

Í ljósi ofangreinds og þess að Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) lagði til yfirborðsefni með dekkjakurlí á umrædda velli leggur skipulags- og umhverfisráð til við bæjarráð að skoðað verði með kostnaðarhlutdeild KSÍ í verkinu.

SH.
EB

6. 1509106 - Deilisk. Tjaldsvæði - Kalmansvík

Tillaga að deiliskipulagi tjaldsvæðis við Kalmansvík.

Garðyrkjustjóri fór yfir tillögu að deiliskipulagi tjaldsvæðis. Stefnt er að því að fullbúin deiliskipulagstillaga liggi fyrir á næsta fundi ráðsins.

7. 1602244 - Aðalskipulagsbreyting - Vallholt 5

Farið yfir stöðu málsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:10.

*Eira Þ Brandur
Rúkel Óskarsdóttir
Keritas Jónsdóttir
Valgerður S. Jónsson
Kristín Sigurgeirsdóttir
Sís. P. H.
Linnur Adolfsdóttir*